



Rangárling
eystra

FJÁRHAGSÁÆTLUN 2022

Greinargerð

Greinargerð með fjárhagsáætlun Rangárbings eystra 2022	2
ALMENNAR FORSENDUR	2
LAGAUMGJÖRÐ	2
ÚTSVAR	2
FASTEIGNAGJÖLD	3
JÖFNUNARSJÓÐUR	4
LAUN	5
ALMENNAR FORSENDUR OG GJALDSKRÁR	5
LÁNTÖKUR	6
REKSTUR MÁLAFLOKKA	6
02 FÉLAGSMÁL	6
03 HEILBRIGÐISMÁL	7
04 FRÆÐSLU- OG UPELDISMÁL	7
05 MENNINGARMÁL	7
06 ÆSKULÝÐS- OG ÍPÓRTTAMÁL	7
07 BRUNAMÁL OG ALMANNAVARNIR	8
08 HREINLÆTISMÁL	8
09 SKIPULAGSFULLTRÚI	8
10 UMFERÐAR- OG SAMGÖNGUMÁL	8
11 UMHVERFISMÁL	8
13 ATVINNUMÁL	8
21 SAMEIGINLEGUR KOSTNAÐUR	8
HELSTU TÖLULEGAR NIÐURSTÖÐUR ÁÆTLUNAR 2021-2025	9
REKSTRAREIKNINGUR A OG B HLUTI	9
EFNAHAGSREIKNINGUR A OG B HLUTI	10
LOKAORÐ	12

Greinargerð með fjárhagsáætlun Rangárþings eystra 2022

ALMENNAR FORSENDUR

Áfram á árinu 2022 mun áhrifa heimsfaraldursins COVID-19 gæta víða og ljóst að efnahagsleg áhrif hans eru töluverð. Helstu áhrif faraldursins á fjárhagsáætlun Rangárþings eystra er óvissa um þróun faraldursins. Ferðaþjónusta er stór atvinnugrein í sveitarfélaginu og sú atvinnugrein sem vaxið hefur hvað mest á sl. tíu árum. Að ferðaþjónustan komist í fyrra horf er lykilinn að því að verulegur viðsnúningur geti orðið í helstu tekjustofnum sveitarfélagsins. Önnur stór áskorun í gerð fjárhagsáætlunar 2022 er að mæta þeim miklu launahækkunum sem orðið hafa á liðnum árum. Launahækkarnir sem eru töluvert umfram hækkun útsvarstekna. . Laun eru langstærsti einstaki kostnaðarliður sveitarfélaga og því mikil áskorun á mæta þeim hækkunum sem orðið hafa. Almennt var lagt upp með að gæta aðhalds í rekstri, skera niður allan þann kostnað sem talist getur óþarfur. Sveitarstjórn lagði mikla áherslu á að tryggja alla grunnþjónustu og vernda störf allra starfsmanna sveitarfélagsins.

LAGAUMGJÖRD

Fjárhagsáætlun Rangárþings eystra fyrir árið 2022 er lögð fram og unnin skv. fyrirmælum sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011. Samkvæmt lögnum skal byggðarráð leggja fyrir sveitarstjórn drög að fjárhagsáætlun og skal sveitarstjórn afgreiða fjárhagsáætlun fyrir komandi ár sem og næstu þrjú ár þar á eftir. Tillögu að fjárhagsáætlun skal leggja fram fyrir sveitarstjórn til fyrri umræðu ekki síðar en 1. nóvember og síðari umræða skal fara fram í síðasta lagi 15. desember, en fjallað skal um tillöguna á tveimur fundum.

Fjárhagsáætlun sveitarfélags er bindandi fyrir allar fjárhagslegar ráðstafanir af hálfu sveitarfélagsins, skv. 63. gr. sveitarstjórnarlaga. Einungis er hægt að víkja frá fjárhagsáætlun með því að samþykkja viðauka við áætlunina. Á það við um ákvarðanir, samninga og aðrar fjárhagslegar ráðstafanir sem hafa í för með sér breytingar á tekjum, útgjöldum eða tilfærslum milli liða. Fjárhagsáætlun Rangárþings eystra er því eiginleg fjárveiting til rekstrar sveitarfélagsins og ber að fylgja henni.

Lög um tekjustofna sveitarfélaga nr. 4/1995 með síðari breytingum eru megin lagaheimild sveitarfélaga til að leggja á skatta og þjónustugjöld. Í 1. kafla laganna segir að tekjustofnar sveitarfélaga séu útsvar, fasteignaskattur og framlög úr Jöfnunarsjóði. Auk þess hafa sveitarfélög tekjur af eignum sínum, eigin atvinnurekstri og stofnunum sem reknar eru í almenningsþágu, svo sem vatnsveitum, rafmagnsveitum, hitaveitum og fleiru. Þá hafa þau ýmsar aðrar tekjur, svo sem af holræsagjaldi, lóðaleigu, leyfisgjöldum o.fl., allt eftir því sem lög og reglugerðir mæla fyrir um.

ÚTSVAR

Útsvarið er veigamesti tekjustofn sveitarfélaga. Það er dregið af launum launþega ásamt tekjuskatti ríkisins. Við áætlun útsvars Rangárþings eystra er stuðst við áætlanir frá hag- og upplýsingasviði Sambands íslenskra sveitarfélaga sem gefur út staðgreiðsluáætlun sveitarfélaga.

Gert er ráð fyrir að útsvarsstofn hækki um 7% milli áranna 2021 og 2022. Kemur sú hækkun til bæði vegna fólksfjölgunar og hækkunar á tekjum einstaklinga. Útsvarsgreiðslur fyrir árið 2022 eru áætlaðar 1.061 m.kr. samanborið við 993 m.kr. í útgönguspá ársins 2021. Á árinu 2022 er gert ráð fyrir að eftirágreiðt útsvar verði um 60 m.kr. til viðbótar við staðgreiðslu útsvars. Tekin hefur verið ákvörðun um óbreytta útsvarsþróun sveitarfélagsins og er hún 14,52%.

	2021	2020	2019	2018	2017
01 Janúar	90.989.290	81.945.263	83.891.175	61.498.362	56.078.774
02 Febrúar	82.136.961	76.655.620	78.885.759	68.983.287	61.313.219
03 Mars	79.003.294	77.693.802	74.897.431	71.467.731	60.106.046
04 Apríl	65.626.752	60.928.715	64.029.855	58.648.425	56.605.021
05 Maí	62.132.820	79.586.056	85.146.285	68.771.210	57.573.227
06 Júní	83.024.790	71.956.098	74.480.586	74.292.434	67.809.170
07 Júlí	82.322.032	80.260.491	85.644.235	67.794.355	67.709.625
08 Ágúst	85.834.464	85.233.636	80.617.207	81.784.588	70.303.272
09 September	137.295.499	114.643.326	112.610.814	102.727.802	111.925.907
10 Október	87.995.715	80.128.053	83.846.616	86.145.697	66.126.077
11 Nóvember	92.874.946	85.052.408	87.874.481	71.883.514	64.033.562
12 Desember		115.513.452	88.718.687	81.489.611	73.747.306
Samtals	949.236.563	1.009.596.920	1.000.643.131	895.487.016	813.331.206

Greidd staðgreiðsla til Rangárþings eystra, eftir mánuðum

FASTEIGNAGJÖLD

Fasteignaskattur er þriðji stærsti tekjustofn sveitarfélagsins og er lagður árlega á flestar fasteignir í sveitarfélaginu sem metnar eru fasteignamat, samkvæmt fasteignaskrá. Fasteignamat allra fasteigna er endurmetið ár hvert og eru niðurstöðurnar kynntar í júnímánuði. Fasteignagjöld eru áætluð í álagningarkerfi fasteignagjalda sem er á vegum Þjóðskrár Íslands. Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið sendi öllum sveitarfélögum á landinu bréf, þar sem farið var fram á að sveitarstjórn myndi endurskoða með hvaða hætti gjaldskrá vegna vatnsveitu er. Í kjölfar þessarar endurskoðunar var ljóst að lækka þyrfti gjaldskrár vatnsveitu og fráveitu. Sú lækkun hefur í för með sér verulegt tekjutap fyrir sveitarfélagið. Tekjutap sem hefur neikvæð áhrif á rekstur sveitarfélagsins, sérstaklega í því krefjandi efnahagsumhverfi sem upp er. Til að vega upp á móti því tekjutapi var ákveðið að hækka álagningarprósentu til fyrra horfs. Því eru gerðar þrjár breytingar á skatthlutföllum í álagningu vegna ársins 2022.

	2022	2021	2020	2019	2018
Fasteignaskattur A	0,375%	0,35%	0,35%	0,35%	0,375%
Lóðarleiga	1,00%	1,00%	1,00%	1,00%	1,00%
Vatnsgjald	0,21%	0,23%	0,23%	0,23%	0,23%
Holræsagjald	0,23%	0,25%	0,25%	0,25%	0,25%
Sorpgjald þéttbýli	47.010	47.010	45.400	44.327	43.162

Þróun skatthlutfalla fasteignagjalda 2018-2021

Fasteignamat Þjóðskrár Íslands fyrir 2022 var birt 31. maí 2021 og er fasteigna- og landmat 2022 43.480 m.kr. Fasteignamat fyrir árið 2021 var 40.969 m.kr og því hækkar fasteignamat fyrir árið 2022 um 6% milli ára.

Fasteignaskattur

Samkvæmt fjárhagsáætlun er lagt til að fasteignaskattur á íbúðarhúsnæði hækki úr 0,35% í 0,375% en fasteignaskattur á atvinnuhúsnæði haldist óbreyttur á milli ára. Áætlað er að tekjur af fasteignaskatti aukist um ríflega 8 milljónir milli ára.

Vatnskattur og holræsagjald

Í kjölfar bréfs sveitarstjórnarráðuneytisins þar sem farið var fram á endurskoðun gjaldskrár vegna vatnsskatts var ákveðið að lækka gjaldskrá vatnsskatts úr 0,23% af fasteignamati í 0,21% og gjaldskrá holræsagjalds úr 0,25% af fasteignamati í 0,23%. Með þessar breytingu munu tekjur af vatnsgjaldi lækka um 4,7 milljónir milli ára og tekjur af holræsagjaldi 3,5 milljónir.

Sorpgjöld

Sorphirðugjald fyrir grunneiningu ílát er kr. 24.540 og inniheldur 240 l blátunnu, 240 l grátunnu, 240 l græntunnu og brúnt ílát í tunnu fyrir lífrænan úrgang. Sorpeyðingargjald verður 22.470 kr. Sú nýbreytni kom fram í gjaldskrá ársins 2021 að hægt er að fá fleiri og/eða stærri ílát undir sorp og er rukkað sérstaklega fyrir þau. Þetta hefur mælst vel fyrir og því verður þessu haldið áfram en þetta er fyrsta skrefið í átt að því að rukka íbúa um sorphirðugjöld eftir umfangi og tegund sorps.

Lóðarleiga

Lóðarleiga breytist ekki á milli ára.

JÖFNUNARSJÓÐUR

Samkvæmt lögum nr. 4/1195 um tekjustofna sveitarfélaga er sjóðurinn einn þriggja meginstoða sveitarfélaga. Hann er því ekki síður en útsvar og fasteignaskattur mikilvægur þáttur í fjármögnun sveitarsjóðs. Hlutverk Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga er að jafna mismunandi útgjaldabörf og skatttekjur sveitarfélaga með framlögum úr sjóðnum á grundvelli ákvæða laga, reglugerða og vinnureglna sem settar eru um starfsemi sjóðsins. Þá greiðir sjóðurinn framlög til samtaka sveitarfélaga, stofnana þeirra og annarra aðila í samræmi við ákvæði laga.

Framlög til sveitarfélagsins skiptast í fjóra flokka; sérstök framlög (s.s. vegna sameiningar sveitarfélaga eða fjárhagserfiðleika), jöfnunarframlög (skiptist í tekjujöfnunarframlag og útgjaldajöfnunarframlag), jöfnunarframlag vegna reksturs grunnskóla og jöfnunarframlag vegna þjónustu við fatlaða. Tekjujöfnunarframlagi er ætlað að jafna tekjur sveitarfélaga, s.s. vegna fasteignagjalda en útgjalda-jöfnunarframlagi er ætlað að mæta mismunandi útgjöldum sveitarfélaga á grundvelli stærðarhagkvæmni og tekna þeirra, að teknu tilliti til þeirra þátta sem áhrif hafa á útgjöld, svo sem íbúafjölda, fjarlægða innan sveitarfélaga, skólaaksturs úr dreifbýli o.fl.

Töluverð lækkun varð á framlögum Jöfnunarsjóðs árið 2020 í kjölfar COVID-19, en samkvæmt áætlun 2022 má segja að sú lækkun sé að öllu leyti komin til baka eins og sjá má í töflu 4 um þróun greiðslna úr sjóðnum.

	2022 áætlun	2021 áætlun	2020	2019	2018
Fasteignaskattsframlag	91.790.242	78.948.250	83.944.269	90.665.107	83.888.565
Útgjaldajöfnunarframlag	260.515.800	249.656.535	258.685.093	253.131.694	240.504.143
Grunnskólaframlag	129.652.717	93.605.455	69.591.556	89.180.754	94.650.457
Framlag v. sérþarfa nem.	4.260.000	4.260.000	4.200.000	4.200.000	10.700.000
Framlag v. Nýbúafraeðslu	3.750.000	3.750.000	3.900.000	3.380.000	2.730.000
Samtals	489.968.759	430.220.240	420.320.918	440.557.555	432.473.165
	13,9%	2,4%	-4,6%	1,9%	5,1%

Tafla 4. Þróun greiðslna úr Jöfnunarsjóði árin 2017-2022

LAUN

Laun eru langstærsti einstaki kostnaðarliður sveitarfélagsins. Launahækkunir samkvæmt launavísitölu hafa legið á bilinu 6-7% mörg undanfarin ár og samkvæmt gildandi kjarasamningum og hafa laun starfsmanna sveitarfélaga hækkað töluvert. Áfram er gert ráð fyrir hækkunum á árinu 2022 en gengið er út frá að meðallaunahækkunir verði um 5,4%. Kjarasamningar við grunnskólakennara eru lausir á árinu og er uppi töluverð óvissa með hvaða hætti samið verði við kennara. Koma þar inn þættir eins og stytting vinnuviku, en ljóst er að stytting vinnuviku kennara getur ekki orðið án kostnaðar líkt og samið var við aðra starfsmenn sveitarfélagsins. Áætlað er að heildar launagreiðslur til starfsmanna verði 1.157 milljónir króna á árinu 2022. Það fara því um 58% af heildartekjum A hluta í launagreiðslur starfsmanna sveitarfélagsins.

ALMENNAR FORSENDUR OG GJALDSKRÁR

Í áætlun 2022 er gert ráð fyrir að fjöldi íbúa í Rangárbíngi eystra haldist óbreyttur milli ára. Spár um verðbólgu hafa verið á reiki undanfarna mánuði og er áætlað að verðbólga ársins 2022 verði um 2,6% og var miðað við þá spá við útreikninga skulda og afborgana. Miðað var við að almennar hækkunir á vöru og þjónustukaupum yrðu 3% og almennar gjaldskrárhækkunir sveitarfélagsins eru hækkaðar um 3%.

FJÁRFESTINGAR

Samþykkt hefur verið í sveitarstjórn að hefja byggingu nýs leikskóla. Jarðvegsframkvæmdir eru nú þegar langt komnar og útboð vegna byggingarinnar er lokið. Bygging nýs leikskóla er eitt allra umfangsmesta og kostnaðarsamasta einstaka verkefni sem sveitarfélagið hefur lagt í. Gert er ráð fyrir að 700.000.000 króna fari í byggingu leikskóla á árinu 2022, en heildarkostnaðaráætlun verksins hljóðar upp á 1,3 milljarð. Rými fyrir aðrar fjárfestingar á meðan að á byggingu leikskóla stendur yfir er því mjög lítið. Þó er gert ráð fyrir áframhaldandi gatnagerð, bæði í miðbæ og að klára yfirborðsframkvæmdir í Hallgerðartúni.

Áætlunin í heild gerir ráð fyrir fjárfestingum að heildarupphæð 840 milljónir króna árið 2022 og má sá nánari skiptinu í töflunni hér að neðan.


Framkvæmdaáætlun 2022	Málaflokkur	Áætluð upphæð	Framlag ríkis	Samtals upphæð
Gatnagerð	32	110.000.000	0	110.000.000
Leikskóli	4	700.000.000	0	700.000.000
Félagsheimili	5	10.000.000	0	10.000.000
Þjónustumiðstöð-tækjakaup	34	10.000.000	0	10.000.000
Fráveita, framkvæmdir	62	4.000.000	0	4.000.000
Vatnsveita, framkvæmdir	44	6.000.000	0	6.000.000
Samtals fjárfestingar		840.000.000	0	840.000.000

LÁNTÖKUR

Ekki er hægt að fara í svo stórt verkefni eins og byggingu leikskóla án þess að taka lán fyrir fjárfestingunni. Gert er ráð fyrir lántöku að upphæð 700 milljónum króna á árinu 2022, til að mæta kostnaði við fjárfestingar en 140 milljónir verða fjármagnaðar með eiginfé. Gert er ráð fyrir að lán verði tekið hjá Lánasjóði sveitarfélaga.

REKSTUR MÁLAFLOKKA

SKIPTING KOSTNAÐAR A-HLUTA, MILLI MÁLAFLOKKA 2022



02 FÉLAGSMÁL

Félagspjónusta sveitarfélagsins er rekin í byggðasamlagi með sveitarfélögum í Rangárvalla- og Skaftafellssýslu. Fjárheimildir til byggðasamlagsins aukast töluvert milli ára. Framlög til málaflokksins í heild sinni hækka um 8%. Kemur sú hækkun til vegna fjölgunar þjónustuþega og breytinga á lögum um barnavernd og innleiðinu þeirra laga, sem í daglegu tali eru kölluð farsældarlögin.

Framlög til heimaþjónustu hækka þannig um 28% milli ára, en mikil fjölgun er á þjónustuþegum í hópi aldraðra sem þurfa á heimaþjónustu að halda. Er þetta þróun sem kemur til með að halda áfram næstu árin, samhliða hækkingu aldurs þjóðarinnar og áherslu ríkisins í að fólk búi heima sem lengst.

Málefni fatlaðra eru rekin í Bergrisanum, byggðasamlagi sem rekið er með öllum sveitarfélögum á Suðurlandi. Fjárframlög til Bergrisans hafa hækkað mikið síðastliðin ár og stærri og stærri hluti lent á sveitarfélaginu eftir að málefni fatlaðra var fært frá ríki til sveitarfélaga. Framlög til Bergrisans hækkuð um 20% milli ára. Einnig hækka framlög sveitarfélagsins um 27% til þess hluta málefna fatlaðra sem heyra beint undir sveitarfélagið og er rekið í byggðasamlagi um félagsþjónustu.

Í fjárhagsáætlun sveitarfélagsins er áfram gert ráð fyrir að reka VISS vinnustað fyrir tilstilli Bergrisans, en er þetta annað árið í rekstri VISS. Áfram er gert ráð fyrir hálfisdags opnun vinnustaðarins, en í ljós hefur komið mikil þörf fyrir slíkan vinnustað í sveitarfélaginu og vonir standa til um að hægt verði að reka heilsdags vinnustað í framtíðinni.

03 HEILBRIGÐISMÁL

Heilbrigðiseftirlit Suðurlands sér um málaflokkinn en fjárheimildir standa nánast í stað milli ára.

04 FRÆÐSLU- OG UPPELDISMÁL

Fræðslu- og uppeldismál er langstærsti einstaki málaflokkur sveitarfélagsins en 52% útgjalda sveitarfélagsins fara beint í málaflokkinn. Fjárheimildir til málaflokksins í heild hækka um 5,5% milli ára, en samtals eru þær rétt um 1,1 milljarður króna.

Framlög til leik- og grunnskóla haldast í takt við launahækkanir og almenna þróun verðlags.

Gert er ráð fyrir ráðgjafakostnaði vegna undirbúnings og vinnu við nýja menntastefnu sveitarfélagsins, en ný menntastefna verður gefin út á árinu 2022.

Framlög til Tónlistarskóla Rangæinga hækka um 20% milli ára, er helsta skýringin á þeirri miklu hækkun annarsvegar hækkun rekstarkostnaðar og hins vegar breyting á útreikning við skiptingu framlaga inn í byggðarsamlagið.

05 MENNINGARMÁL

Heildar fjárheimildir til menningarmála standa nánast í stað milli ára. Menningarsjóður sveitarfélagsins sem stofnaður var árið 2019, er festur í sessi og fær til úthlutunar 2.000.000 króna og er gert ráð fyrir úthlutun úr sjóðnum tvisvar sinnum á ári. Framlög til Héraðsbókasafns Rangæinga, Bókasafns Vestur-Eyfellinga, Héraðsskjalasafns og reksturs félagsheimila eru í takt við verðlagshækkanir.

Gert er ráð fyrir kostnaði vegna viðburða og hátíðarhalda til dæmis á 17. júní og kjötsúpuhátíð. Er það vona sveitarstjórnar að hægt verði að halda slíka viðburði á árinu 2022, en þeir hafa fallið niður í ár vegna heimsfaraldursins.

06 ÆSKULÝÐS- OG ÍPRÓTTAMÁL

Fjárheimildir til æskulýðs- og íþróttamála hækka um 5% á milli ára en framlög til æskulýðs og íþróttamála nema 200.000.000 kr. Áfram er lögð áhersla á málefni ungra íbúa í samfélaginu, með eflingu ungmennaráðs og styrkjum til þeirra íþróttfélaga sem reka ungliðastarf í sveitarfélaginu. Áfram er gert ráð fyrir styrkveitingum úr íþrótt- og afrekssjóði sveitarfélagsins. Auk þess er lögð rík áhersla á almenna lýðheilsu en sveitarfélagið mun halda áfram innleiðingu heilsueflandi samfélags. Ekki er gert ráð fyrir fjárfestingum vegna íþrótt- og æskulýðsmála á árinu 2022, en á árinu 2021 var lokið við endurnýjun búningsklefa í íþróttamiðstöðinni. Fé til rekstara íþróttamiðstöðvar er aukið milli ára auk þess sem gert ráð fyrir tækjakaupum til líkamsræktar og framlög til almenns viðhalds á eignum íþróttamiðstöðvarinnar haldast óbreytt milli ára.

07 BRUNAMÁL OG ALMANNAVARNIR

Fjárheimildir til Brunavarna hækka verulega milli ára eða um tæp 54%, rúmar 12 milljónir. Tvær skýringar eru á þessari hækkun. Annarsvegar voru framlög ársins 2021 mun lægri en venja er, vegna afgangss frá árinu 2019. Hinsvegar fellur til töluverður kostnaður vegna eflinu brunavarna, með nýrri brunavarnaáætlun sem samþykkt verður í lok árs 2021. Í áætluninni

er gert ráð fyrir eflingu slökkviliðs og búnaðarkaupa næstu 5 árin og er því ljóst að hækkun kostnaðar við þennan málaflokk er kominn til að vera.

08 HREINLÆTISMÁL

Fjárheimildir til málaflokksins lækka aðeins milli ára. Svo virðist sem jafnvægi sé að nást við kostnað við sorphirðu og eyðingu eftir miklar hækkanir síðastliðinna ára. Þær hækkanir stöfuðu fyrst og fremst af því að kostnaði við urðun á óflokkuðu sorpi hækkað gríðarlega, úr rétt um 10 krónur á kíló í rúmlega 43 krónur á kíló. Framfarir hafa orðið í flokkun sorps sem hefur dregið úr þessum miklu hækkunum til málaflokksins og mun vonandi skila lægri kostnaði til framtíðar. Þrátt fyrir að sveitarfélagið innheimti sorphirðu og eyðingargjöld, sem standa eiga undir málaflokknum, þá kemur sveitarfélagið til með að greiða 33 milljónir með málaflokknum á árinu 2022.

09 SKIPULAGSFULLTRÚI

Fjárheimildir til skipulagsfulltrúa lækka eilítið milli ára, sem kemur til vegna lækkunar á launakostnaði þar sem tilfærsla á starfsmanni frá embættinu yfir í þjónustumiðstöð verður í kjölfar skipulagsbreyting hjá sveitarfélaginu.

Áfram er gert ráð fyrir kostnaði við fornleyfaskráningu, vinnu við deili- og aðalskipulag, kostnaði við þjóðlendur auk annarra venjubundinna verkefna skipulagsfulltrúa.

10 UMFERÐAR- OG SAMGÖNGUMÁL

Fjárheimildir til málaflokksins hækka um 5% milli ára. Helstu breytingar eru hækkun á innri leigu gatnakerfis vegna aukinna fjárfestinga í gatnagerð á síðasta ári og því næsta, auk þess sem RARIK afhenti sveitarfélaginu eignarhald á ljósastaurum. Komið er tími á viðhald og endurnýjun götulýsingar, í því er gert ráð fyrir 4,5 milljónum í endurnýjun ljósastaura árið 2022.

11 UMHVERFISMÁL

Fjárheimildir til umhverfismála hækka um 3% á milli ára. Áfram verður gert ráð fyrir kostnaði við fegrun sveitarfélagsins bæði í þéttbýli og dreifbýli. Gert er ráð fyrir 4,5 milljóna króna kostnaði við refa- og minkaveiðar.

13 ATVINNUMÁL

Framlög til atvinnumála lækka milli ára um fimm milljónir. Munar þar mestu um áttak sem sett var í markaðssetningu sveitarfélagsins en þar féll til stofnkostnaður á árinu 2021 sem ekki þarf að greiða aftur á árinu 2022.

21 SAMEIGINLEGUR KOSTNAÐUR

Gert er ráð fyrir hækkun sameiginlegs kostnaðar, en mikið var skorið niður í málaflokknum árið 2021. Hluti þess sem frestað var árið 2021 mun því koma inn á árinu 2022, þar fellur til dæmis til kostnaður við kaup á ráðgjöf, sameiginlegur starfsmannakostnaður sveitarfélagsins, kostnaður við samning við Auðnast ehf um velferð starfsfólks og o.s.frv. Einnig er gert ráð fyrir kostnaði vegna sveitarstjórnarkosninga sem fara fram vorið 2022.

HELSTU TÖLULEGAR NIÐURSTÖÐUR ÁÆTLUNAR 2021-2025

Hér á eftir birtast helstu tölulegar upplýsingar úr áætlun 2021-2025. Fyrir nánari útlistun er bent á skjal með fjárhagsáætluninni í heild.

REKSTRAREIKNINGUR A OG B HLUTI

Samantekið - A og B hluti						
	Rauntölur 2020	Útkomuspá 2021	Áætlun 2022	Áætlun 2023	Áætlun 2024	Áætlun 2025
Rekstrarreikningur						
Rekstrartekjur						
Útsvar og fasteignaskattur.....	1.251.747	1.251.956	1.360.185	1.411.053	1.469.911	1.515.201
Framlög Jöfnunarsjóðs.....	423.104	430.220	469.969	488.768	500.987	513.512
Aðrar tekjur.....	416.968	397.204	439.226	477.018	501.583	526.763
	2.091.819	2.079.380	2.269.379	2.376.839	2.472.481	2.555.476
Rekstrargjöld						
Laun og launatengd gjöld.....	1.058.322	1.101.658	1.157.353	1.192.074	1.227.836	1.264.671
Lífeyrisskuldbinding, breyting.....	14.113	4.000	5.925	6.000	6.000	6.000
Annar rekstrarkostnaður.....	861.572	808.482	914.946	951.403	988.772	1.027.076
	1.934.007	1.914.140	2.078.224	2.149.477	2.222.609	2.297.747
Rekstrarniðurstaða fyrir afskriftir	157.812	165.240	191.155	227.362	249.872	257.729
Afskriftir.....	(96.848)	(109.467)	(126.083)	(147.919)	(155.629)	(162.224)
Rekstrarniðurstaða án fjármunatekna og fjármagnsgjalda	60.964	55.773	65.072	79.443	94.243	95.504
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld):	(43.753)	(57.110)	(61.116)	(92.788)	(108.463)	(107.676)
Rekstrarniðurstaða án framlaga og skatta	17.211	(1.337)	3.956	(13.345)	(14.220)	(12.172)
Framlög frá eigin sjóðum.....	0	0	0	0	0	0
Hlutdeild minnihluta í afkomu.....	0	0	0	0	0	0
Hlutdeild í afkomu dóttur- og hlutdeildarfélaganna.....	0	0	0	0	0	0
Tekjuskattur.....	(1.006)	0	0	0	0	0
Óreglulegir liðir, tekjur (gjöld).....	0	0	0	0	0	0
Rekstrarniðurstaða	16.205	(1.337)	3.956	(13.345)	(14.220)	(12.172)

EFNAHAGSREIKNINGUR A OG B HLUTI

Samantekið - A og B hluti						
	Rauntölur 2020	Útkomuspá 2021	Áætlun 2022	Áætlun 2023	Áætlun 2024	Áætlun 2025
Efnahagsreikningur - Eignir						
Fastafjármunir:						
Varanlegir rekstrarfjármunir:						
Fasteignir og lóðir	2.311.465	2.379.839	3.005.497	3.449.299	3.437.682	3.453.819
Veitukerfi, hafnamannvirki og götur	344.204	344.672	444.380	525.569	537.837	524.006
Vélar, áhöld og tæki	61.029	50.055	38.606	28.696	35.415	29.885
Leigðar eignir	0	0	0	0	0	0
	2.716.697	2.774.566	3.488.483	4.003.564	4.010.934	4.007.710
Áhættufjármunir og langtímakröfur:						
Stofnframlög og eignarhlutir í öðrum félögum	0	0	0	0	0	0
Tekjuskattseign	238.125	238.125	238.125	238.125	238.125	238.125
Langtímakröfur	0	0	0	0	0	0
Langtímakröfur á eigin fyrirtæki	0	0	0	0	0	0
Fyrirframgreiddur kostnaður	140.435	134.610	128.785	122.960	117.135	111.310
	378.560	372.735	366.910	361.085	355.260	349.435
Fastafjármunir	3.095.257	3.147.301	3.855.393	4.364.649	4.366.195	4.357.145
Veltufjármunir:						
Birgðir	369	369	369	369	369	369
Önnheimtar tekjur	139.188	139.188	139.188	139.188	139.188	139.188
Skammtímakröfur á eigin fyrirtæki	(0)	0	0	0	0	0
Næsta árs afborganir langtímakrafna	0	0	0	0	0	0
Næsta árs afb. langtímakr. á eigin fyrirt.	0	0	0	0	0	0
Fyrirframgreiddur kostnaður	5.825	5.825	5.825	5.825	5.825	5.825
Áðrar skammtímakröfur	121.761	121.761	121.761	121.761	121.761	121.761
Verðbréf	0	0	0	0	0	0
Handbært fé	160.669	72.295	26.545	34.553	70.696	6.835
Veltufjármunir	427.811	339.436	293.687	301.695	337.838	273.977
Eignir samtals	3.523.068	3.486.738	4.149.080	4.666.344	4.704.032	4.631.122
Samantekið - A og B hluti						
	Rauntölur 2020	Útkomuspá 2021	Áætlun 2022	Áætlun 2023	Áætlun 2024	Áætlun 2025
Efnahagsreikningur - Eigið fé og skuldir						
Eiginfjárreikningar:						
Eigið fé	2.293.045	2.291.707	2.295.664	2.282.318	2.268.098	2.255.926
Hlutdeild minnihluta	0	0	0	0	0	0
	2.293.045	2.291.707	2.295.664	2.282.318	2.268.098	2.255.926
Skuldbindingar:						
Lífeyrisskuldbindingar	156.362	155.323	156.318	157.390	158.458	159.523
Tekjuskattskuldbinding	0	0	0	0	0	0
Áðrar skuldbindingar	0	0	0	0	0	0
	156.362	155.323	156.318	157.390	158.458	159.523
Langtímaskuldir:						
Skuldir við lánastofnanir og aðrar langtímaskuldir	789.587	750.198	1.384.258	1.896.917	1.945.042	1.880.207
Leiguskuldir	0	0	0	0	0	0
Langtímaskuldir við eigin fyrirtæki	(0)	0	(0)	(0)	0	0
	789.587	750.198	1.384.258	1.896.917	1.945.042	1.880.207
Skammtímaskuldir:						
Skuldir við lánastofnanir	0	0	0	0	0	0
Reiknuð fjárbörf	0	0	0	0	0	0
Viðskiptaskuldir	0	0	0	0	0	0
Skuldir við eigin fyrirtæki	0	0	0	0	0	(0)
Næsta árs afborganir langtímaskulda	68.145	73.341	96.542	113.291	115.875	118.772
Næsta árs afborganir leiguskulda	0	0	0	0	0	0
Næsta árs afborganir skuldbindinga	4.767	5.006	5.137	5.265	5.397	5.532
Næsta árs afb. langtímask. við eigin fyrirtæki	(0)	(0)	0	0	0	(0)
Áðrar skammtímaskuldir	211.162	211.162	211.162	211.162	211.162	211.162
	284.074	289.509	312.840	329.719	332.434	335.466
Skuldir og skuldbindingar samtals	1.230.023	1.195.030	1.853.416	2.384.026	2.435.934	2.375.196
Eigið fé og skuldir samtals	3.523.068	3.486.738	4.149.080	4.666.344	4.704.032	4.631.122

SJÓÐSTREYMISYFIRLIT A OG B HLUTI

Samantekið - A og B hluti						
	Rauntölur 2020	Útkomuspá 2021	Áætlun 2022	Áætlun 2023	Áætlun 2024	Áætlun 2025
Sjóðstremisýfirlit						
Rekstrarhreyfingar:						
Niðurstaða ársins	16.205	(1.337)	3.956	(13.345)	(14.220)	(12.172)
Liðir sem hafa ekki áhrif á fjárstremi:						
Afskriftir	96.848	109.467	126.083	147.919	155.629	162.224
Verðbætur og gengismunur	23.883	36.882	30.512	44.270	51.630	51.523
Hlutdeild minnihluta í afkomu	0	0	0	0	0	0
Hlutdeild í afkomu dóttur- og hlutdeildarféлага	0	0	0	0	0	0
(Söluhagnaður) / tap rekstrarfjármuna	(97)	(17.700)	0	0	0	0
(Söluhagnaður) / tap eignarhluta	0	0	0	0	0	0
Frestaður tekjuskattur, breyting	165	0	0	0	0	0
Framlög frá eigin sjóðum	0	0	0	0	0	0
Breyting á lífeyrisskuldbindingum	14.113	4.000	5.925	6.000	6.000	6.000
Breyting á öðrum skuldbindingum	0	0	0	0	0	0
Aðrir liðir	0	0	0	0	0	0
Valtufé frá rekstri (till rekstrar)	151.116	131.312	166.477	184.844	199.040	207.575
Breytingar á rekstartengdum eignum og skuldum:						
Fyrirframgreiddur kostnaður, breyting	5.825	5.825	5.825	5.825	5.825	5.825
Birgðir, breyting	(7)	0	0	0	0	0
Óinnheimtar tekjur, breyting	(18.588)	0	0	0	0	0
Aðrar skammtímakröfur, breyting	(31.734)	0	0	0	0	0
Skammtímaskuldir, breyting	63.213	0	0	0	0	0
Greiðslur vegna lífeyrisskuldbindinga	(4.791)	(4.800)	(4.800)	(4.800)	(4.800)	(4.800)
Greiðslur vegna annarra skuldbindinga	0	0	0	0	0	0
	13.918	1.025	1.025	1.025	1.025	1.025
Handbært fé frá rekstri (till rekstrar)	165.034	132.337	167.502	185.869	200.065	208.600
Fjárfestingarhreyfingar:						
Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum	(249.539)	(189.636)	(840.000)	(663.000)	(163.000)	(159.000)
Söluverð rekstrarfjármuna	199	40.000	0	0	0	0
Eignarhlutir í félögum, breyting	0	0	0	0	0	0
Langtímakröfur, breyting	0	0	0	0	0	0
Langtímakröfur við eigin fyrirtæki, breyting	0	0	0	0	0	0
Skammtímakröfur, breyting	0	0	0	0	0	0
	(249.340)	(149.636)	(840.000)	(663.000)	(163.000)	(159.000)
Fjármögnunarhreyfingar:						
Framlög frá eigin fyrirtækjum og arður	0	0	0	0	0	0
Breyting á hlutafé	0	0	0	0	0	0
Viðskiptastaða eigin fyrirtækja, breyting	0	0	(0)	0	0	(0)
Tekin ný langtímalán	200.000	0	700.000	580.000	110.000	0
Afborganir langtímalána	(59.985)	(71.075)	(73.252)	(94.861)	(110.922)	(113.461)
Afborganir leiguskulda	0	0	0	0	0	0
Langtímaskuldir við eigin fyrirtæki, breyting	0	0	0	(0)	0	0
Skammtímalán, breyting	0	0	0	0	0	0
	140.015	(71.075)	626.748	485.139	(922)	(113.461)
Hækkun (lækkun) á handbæru fé	55.710	(88.374)	(45.750)	8.008	36.143	(63.861)
Handbært fé (fjárbörf) í ársbyrjun	104.960	160.669	72.295	26.545	34.553	70.696
Handbært fé (fjárbörf) í árslok	160.669	72.295	26.545	34.553	70.696	6.835

FJÁRFESTINGAYFIRLIT

Fjárfestingaryfirlit						
Fjárfesting	Ár					
Hluti	Árið 2021	Árið 2022	Árið 2023	Árið 2024	Árið 2025	Samtals
A hluti						
Eignasjóður	171.636	820.000	633.000	103.000	124.000	1.851.636
Leikskóli	113.136	700.000	487.000	0	0	1.300.136
Hvolskóli	3.000	0	50.000	0	0	53.000
Félagshemili	10.000	10.000	0	0	0	20.000
Íþróttamannvirki	30.000	0	10.000	0	0	40.000
Göngu og hjólréiðabrautir	0	0	36.000	0	0	36.000
Leiktæki - opin svæði	1.000	0	0	2.000	2.000	5.000
Ferðamannastaðir - aðgengi	5.000	0	0	0	0	5.000
Austurvegur 4	2.000	0	0	0	0	2.000
Austurvegur 4 - Vélar, áhöld og tæ	1.000	0	0	0	0	1.000
Tónlistarskóli	4.500	0	0	0	0	4.500
Tjaldstæði Hvolsvelli	0	0	0	0	0	0
Tjaldstæði Skógum	0	0	0	16.000	0	16.000
Félagshemili viðgerðir	0	0	0	15.000	15.000	30.000
Hvolsskóli gólfefn	0	0	0	50.000	0	50.000
Gatnagerð Hvolsvelli	2.000	110.000	50.000	20.000	0	182.000
Gatnagerð Hvolsvelli	0	0	0	0	72.000	72.000
Sundlaug útsvæði	0	0	0	0	35.000	35.000
Þjónustustöð	7.000	10.000	10.000	20.000	20.000	67.000
Tækjakaup	7.000	10.000	10.000	10.000	10.000	47.000
Geymsla áhaldahúss	0	0	0	10.000	0	10.000
Geymsla áhaldahúss	0	0	0	0	10.000	10.000
A hluti samtals	178.636	830.000	643.000	123.000	144.000	1.918.636
B hluti						
Fráveita	4.000	4.000	0	20.000	0	28.000
Framkvæmdir	4.000	4.000	0	20.000	0	28.000
Vatnsveita	7.000	6.000	20.000	20.000	15.000	68.000
Vatnsveita	7.000	6.000	20.000	0	0	33.000
Vatnsveita mælavæðing og krappi	0	0	0	20.000	0	20.000
Mælavæðing	0	0	0	0	15.000	15.000
B hluti samtals	11.000	10.000	20.000	40.000	15.000	96.000
Samantekið - A og B hluti	189.636	840.000	663.000	163.000	159.000	2.014.636

LOKAORÐ

Almennt mun aðhalds gætta í rekstri sveitarfélagsins. Enn er töluverð óvissa um efnahag landsins og langtímaáhrifum heimsfaraldursins. Þær miklu fjárfestingar sem liggja fyrir í áætluninni vegna byggingu nýs leikskóla hafa einnig mikil áhrif á fjárhag sveitarfélagsins og því mikilvægt að gæta aðhalds og eftirfylgni með fjárhagsáætlun.